

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 32/1975. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Birni Blöndal

(Örn Clausen hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr
og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar telst frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans hér fyrir dómi, 20.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar telst frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Björn Blöndal, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. október 1974.

Ár 1974, miðvikudaginn 9. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 520/1974: Ákærvaldið gegn Birni Blöndal, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 25. f. m., gegn Birni

Blöndal ípróttakennara, Bólstaðarhlíð 68, fæddum 14. maí 1946 í Keflavík, „fyrir að aka laugardaginn 1. desember 1973 bifreiðinni P 1119 á allt að 110 km hraða miðað við klst. eftir Reykjanesbraut skammt frá Hvassahrauni, en þar er leyfður hámarkshraði 70 km, og laugardaginn 13. júlí 1974 bifreiðinni R 40196 á allt að 100 km hraða miðað við klst. eftir Reykjanesbraut á kaflanum frá Flugvallarvegi að Steypustöð Suðurnesja í Ytri-Njarðvík, og þar er leyfður hámarkshraði einnig 70 km.

Telst þetta varða við 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

1) Að kvöldi laugardagsins 1. desember 1973 stöðvuðu lögregluþjónar úr Grindavík ákærða, er hann var að aka bifreiðinni P 1119 eftir Reykjanesbraut skammt frá Hvassahrauni. Samkvæmt skýrslu lögregluþjóns nr. 1, Kristins Valbergs Gamalíelssonar, hafði ákærði ekið fram úr lögregluþjónbifreiðinni og öðrum bifreiðum, er á undan voru, og er lögregluþjónarnir síðan veittu eftirför og mældu með jöfnu millibili hraða milli bifreiðanna, reyndist hraði bifreiðarinnar P 1119 110 km miðað við klukkustund.

Ákærði kannast við, að hann hafi verið stöðvaður af lögregluþjónum í umrætt skipti, en neitar því, að hraði bifreiðar hans hafi verið meiri en 70—80 km miðað við klukkustund.

Ákærða var sent sektarboð, en hann sinnti því ekki, enda kveðst hann ekki hafa talið sig hafa unnið til refsingar.

Vitnið Kristinn Valberg Gamalíelsson, 29 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann og starfsbróðir hans hafi verið á leið til Hafnarfjarðar. Á leiðinni hafi P 1119 verið ekið fram úr lögregluþjónbifreiðinni, sem þá hafi verið ekið með 70 km hraða miðað við klukkustund. Henni hafi svo um stund verið ekið milli lögregluþjónbifreiðarinnar og tveggja bifreiða, sem verið hafi á undan. Síðan hafi P 1119 verið ekið fram úr þessum tveimur bifreiðum og hraði hennar aukinn, þannig að ört hafi dregið í sundur. Þá hafi þeir lögregluþjónarnir veitt P 1119 eftirför og náð að mæla hraða bifreiðanna með jöfnu millibili og þá hafi hraðamælir lögregluþjónbifreiðarinnar sýnt 110 km hraða. Ákærði hafi numið staðar, er honum voru gefin ljós- og hljóðmerki. Hann hafi stöðugt neitað því, að hann hefði ekið með meira en 80 km hraða miðað við klukkustund.

Vitnið Erling Svanberg Kristinsson lögregluþjónn, 22 ára að aldri, kveðst hafa stýrt lögreglubifreiðinni. Hann hefur komið fyrir sakadóm Grindavíkur og skýrt þar frá atvikum á sama hátt og vitnið Kristinn Valberg Gamalielsson. Heldur hann því fram, að hraði lögreglubifreiðarinnar hafi samkvæmt mæli verið 110 km miðað við klukkustund, er henni var ekið með jöfnu millibili á eftir P 1119.

2) Að morgni laugardagsins 13. júlí sl. stöðvaði Guðbjörn Ásbjörnsson lögregluþjónn ákærða á Reykjanesbraut, er hann var á leið til Keflavíkur. Samkvæmt skýrslu Guðbjörns Helga og vætti hans fyrir sakadómi Keflavíkur kom Guðbjörn af flugvællinum og beygði inn á aðalveginn á leið til Ytri-Njarðvíkur. Er hann hafði ekið 20—30 m á Reykjanesbrautinni, ók ákærði bifreiðinni R 40196 fram úr lögreglubifreiðinni, og þar sem Guðbirni Helga þótti hraðinn óeðlilega mikill, veitti hann R 40196 eftirför. Kveðst hann hafa ekið á eftir með jöfnu millibili og hafi hraðinn verið 100 km miðað við klukkustund, en leyfilegur hraði þarna sé 70 km. Hann hafi þá stöðvað R 40196 með viðeigandi hljóð- og ljósmerkjum og átt tal við ákærða. Þegar ákærða hafi verið frá því skýrt, að hann hefði ekið hratt, hefði hann einungis spurt, hvernig hann ætlaði sér að sanna það, og þegar brýnt hafi verið fyrir honum að aka á löglegum hraða, hafi hann svarað því til, að hann æki eins og hingað til.

Ákærði minnst þessa atviks, en heldur því fram, að hann hafi alls ekki ekið yfir lögleyfðan hraða. Hann segir, að lögreglubifreiðinni hafi verið ekið ógætilega inn á Reykjanesbraut í veg fyrir hann og hann þurft að víkj og síðan að aka fram fyrir lögreglubifreiðina. Heldur ákærði því fram, að við þetta hafi fokið í lögregluþjóninn og hann því veitt honum eftirför.

Önnur gögn eru ekki fyrir hendi um þennan atburð.

Niðurstöður.

1) Með vætti lögregluþjónanna Kristins Valbergs Gamalielssonar og Erlings Svanbergs Kristinssonar þykir þrátt fyrir neitun ákærða sannað, að ákærði hafi ekið með óleyfilegum hraða hinn 1. desember 1973 og þannig unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

2) Gegn neitun ákærða telst vætti Guðbjörns Helga Ásbjörnssonar eigi nægileg sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreið með óleyfilegum hraða hinn 13. júlí sl., og verður ákærði sýknaður af þessu ákæruatriði.

Á árinu 1962 var ákæru á hendur ákærða fyrir þjófnað frestað

skilorðsbundið í 2 ár. Hinn 28. janúar 1966 var hann dæmdur í 3.000 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot og sviptur öku-leyfi 6 mánuði. Þá hefur hann 5 sinnum sæst á sektargreiðslu, þar af þrisvar fyrir umferðarbrot.

Refsing ákærða verður ákveðin 5.000 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing 2 daga varðhald.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, sbr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Blöndal, greiði 5.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal mäsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 159/1974. **Gunnar Birgir Þorvaldsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðrúnu Einarsdóttur og gagnsök

(Hjörtur Torfason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Lögtak. Barnalífeyrir. Framfærslueyrir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 25. september 1974. Krefst hann þess, að synjað verði um umbeðið lögtak. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.